

Alþingi
Erindi nr. E 138/282
komudagur 25. 11. 2009



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 23. nóvember 2009
Tilvísun: Mast09090121/20.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra msb.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 16. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar Matvælastofnunar um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá var yfirdýralæknir formaður nefndar sem ráðherra skipaði 15. apríl 2008 til að gera úttekt á innflutningi svínasæðis. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu þann 3. apríl 2009. Nefndin gerði tvær tillögur um mögulegar aðferðir við innflutning á svínasæði. Fyrri tillagan fól ekki í sér að breyta þyrfti lögum. Síðari tillagan gerði hins vegar ráð fyrir því og með þessu frumvarpi eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi.

Matvælastofnun hefur ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

F.h. Matvælastofnunar,


Halldór Runólfsson yfirdýralæknir